BORGARRÁÐ 12. NÓVEMBER 2026: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um áhættumat á tekjuforsendum fjárhagsáætlunar 2027 - MSS26110045

Fyrirspurn um áhættumat á tekjuforsendum fjárhagsáætlunar 2027 1. Hvaða áhættumat og næmni- eða sviðsmyndagreiningar hafa verið unnar vegna tekjuforsendna fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2027? 2. Hvaða tölulegu forsendur og áætlanir liggja til grundvallar áætluðum útsvarstekjum, fasteignasköttum, gatnagerðargjöldum og tekjum af sölu byggingarréttar? Hvernig hefur óvissa og möguleg frávik frá þessum forsendum verið metin? 3. Hafa áhrif mögulegra tekjufrávika á rekstrarniðurstöðu, handbært fé og lántökuþörf borgarinnar verið metin? Ef svo er, með hvaða hætti og hverjar eru niðurstöðurnar? 4. Hafi sérstakt áhættumat ekki verið unnið, hvernig var þá tekið tillit til óvissu í tekjuáætlun við gerð fjárhagsáætlunarinnar? 5. Hefur nýtt erindisbréf verið gefið út fyrir áhættunefnd Reykjavíkurborgar og nefndin endurskipuð? Kom nefndin að áhættumati vegna fjárhagsáætlunar 2027? Óskað er eftir að fyrirliggjandi greiningar og minnisblöð sem tengjast framangreindu verði lögð fram með svörunum.